

Ársreikningur Langanesbyggðar fyrir árið 2006 var tekinn til fyrri umræðu af hreppsnefnd fimmtudaginn 17. maí sl. og vísað til seinni umræðu. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða fer fram fimmtudaginn 24. maí nk.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessarra fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslagar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður og Fræ ehf.

Þann fyrsta júlí 2006 sameinuðust sveitarfélögin Þórshafnarhreppur og Skeggjastaðahreppur undir nafninu Langanesbyggð og samanstendur ársreikningur Langanesbyggðar fyrir árið 2006 af samanlögðum rekstri beggja sveitarfélaganna fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní og sameinaðs sveitarfélags fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2006. Samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2005 eru samanlagðar fjárhæðir úr ársreikningum sveitarfélaganna tveggja.

Tekjur sveitarfélagsins voru nokkuð umfram áætlun, eða 19 millj. kr. í samanteknum A og B hluta. Skýringin liggur einkum í hærri framlögum jöfnunarsjóðs en reiknað var með, m.a. vegna framlaga er tengjast sameiningu sveitarfélaganna. Hins vegar voru skatttekjur nokkru lægri en áætlað var. Að sama skapi fara útgjöld nokkuð fram úr áætlun fyrir A og B hluta, eða um 29 millj. kr. og er skýringin á því m.a. sú að ákveðinn kostnaður fylgdi sameiningunni sem ekki hefur skilað sér að öllu leyti í gegnum framlög jöfnunarsjóðs auk þess sem ekki var áætlað fyrir rekstarkostnaði vegna dótturfélagsins Fræs ehf.

Samkvæmt ársreikningi var afkoma fyrir fjármagnsliði í fullu samræmi við fjárhagsáætlun í A hluta sem og fjármunamyndun rekstrar, samanber sjóðsstreymi, en frávik var heldur meira í B hluta. Frávik í B hluta koma einkum til vegna kostnaðar við rekstur Fræs ehf. Ekki var unnin fjárhagsáætlun fyrir Fræ ehf. fyrir árið 2006 vegna óvissuþátta í rekstri þess félags á sl. ári.

Í fjármagnsliðum eru veruleg frávik frá fjárhagsáætlun sem skýrast annars vegar af því að stærstur hluti langtímalána sveitarfélagsins er ýmist verð- eða gengistryggður. Verðbólga ársins 2006 var nokkru hærri en spár gerðu ráð fyrir, eða í kringum 7%, og gengisþróun erlendra lána var afar óhagstæð á árinu og sér þess stað í háum fjármagnsgjöldum. Mest áhrifin koma, hins vegar, til vegna þess að B hluta fyrirtækið Fræ ehf. á 33% eignarhluta í Þórshöfn fjárfestingu ehf. sem aftur á öll hlutabréf í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. (HÞ). Afkoma HÞ var afar slæm á árinu 2006 og nemur hlutdeild Langanesbyggðar í tapi ársins 151 millj. kr. sem kemur til gjalda meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi samantekins A og B hluta. Í ársbyrjun 2007 seldi Fræ ehf. eignarhlut sinn í Þórshöfn fjárfestingu ehf. til Ísfélags Vestmannaeyja hf. og er áætlaður söluhagnaður vegna þess um 164 millj. kr. eftir skatta og mun sú fjárhæð koma til tekna í ársreikningi samantekins A og B hluta Langanesbyggðar fyrir árið 2007.

Helstu niðurstöður ársreikningsins eru eftirfarandi:

Langanesbyggð - Ársuppgjör

Rekstrarreikningur ársins 2005	Sjóðir í A hluta		Samantekið A og B hluti	
	2006	Fjárhagsáætlun	2006	Fjárhagsáætlun
Tekjur				
Skatttekjur	139.319	153.834	138.574	153.834
Framlag Jöfnunarsjóðs	103.267	44.048	103.267	44.048
Aðrar tekjur	103.578	128.310	148.017	172.816
Samtals tekjur	346.164	326.192	389.858	370.698
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	162.282	145.780	169.826	153.816
Annar rekstrarkostnaður	143.316	145.763	169.259	164.243

Samtals gjöld	305.298	291.543	339.085	318.059
Afskriftir	16.552	12.870	38.867	30.562
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	24.014	21.779	11.906	22.077
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(34.778)	(7.488)	(227.499)	(17.612)
Rekstrarniðurstaða	(10.764)	14.291	(215.592)	4.465

Efnahagsreikningur	Sjóðir í A hluta		Samantekið A og B hluti	
Tölur í þús.	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir	510.525	524.089	808.934	982.846
Veltufjármunir	275.202	275.787	86.069	126.386
Eignir samtals	785.727	799.876	895.003	1.109.232
Eigið fé	430.590	441.354	316.847	532.439
Lífeyrisskuldbinding	15.981	14.264	15.981	14.264
Langtímaskuldir	169.980	165.689	381.181	373.320
Skammtímaskuldir	169.176	178.569	180.994	189.209
Eigið fé og skuldir samtals	785.727	799.876	895.003	1.109.232

Sjóðstreymi	Sjóðir í A hluta		Samantekið A og B hluti	
Tölur í þús.	2006	Fjárhagsáætlun	2006	Fjárhagsáætlun
Veltufé frá rekstri	16.969	27.161	10.962	35.027
Handbært fé frá rekstri	29.670	27.161	26.241	35.027
Fjárfestingahreyfingar	484	(16.000)	(17.896)	(30.175)
Fjármögnunarahreyfingar	(33.321)	0	(14.521)	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(3.167)	11.161	(6.176)	4.852
Handbært fé í upphafi árs	12.177	0	18.081	0
Handbært fé í lok árs	9.010	11.161	11.905	4.852

Frekari upplýsingar veitir:

Björn Ingimarsson, sveitarstjóri bjorn@langanesbyggd.is, í síma 468 1220 eða 895 1448.